

Samfylkingin Landsfundur 2011

Stjórn málaályktun

Meginverkefni stjórnmalanna er að tryggja atvinnu, velferð og jöfnuð í anda norræna jafnaðarmanna. Framtíðarsýn jafnaðarmanna er opið samfélag í náinni samvinnu við aðrar þjóðir innan Evrópusambandsins þar sem stefnt er að stöðugleika og bættum lífskjörum með verðmætasköpun og atvinnuuppbyggingu, framtíð fyrir ungt fólk og upptöku evru. Það er því lykilverkefni að ljúka viðræðum um aðild að Evrópusambandinu, gera skýra áætlun um upptöku evru og leggja málið í dóm þjóðarinnar.

Samfylkingin er hluti af sterkri og rótgróinni hreyfingu jafnaðarmanna á Norðurlöndunum. Þar hafa verið byggð upp einhver samkeppnishæfustu samfélög í heimi með jafnrétti, velferð og samfélagslega ábyrgð í fyrirrúmi. Baráttan fyrir kvenfrelsi og gegn hvers kyns mismunun er ekki bara réttlætismál heldur skilar aukinni fjölbreytni og stuðlar að því að mannauður og hugvit samfélagsins í heild nýtist sem best. Jöfnuður og velferð eru aðalsmerki farsællar samfélagsgerðar og styrkja samkeppnishæfni atvinnulífsins.

Undir forystu jafnaðarmanna hefur ríkisstjórn og Alþingi tekist það erfiða verkefni að snúa hallarekstri ríkissjóðs í afgang og deila byrðunum af harkalegum samdrætti þjóðartekna þannig að þeim sem lökust höfðu lífskjörin er helst hlíft. Leið jafnaðarmanna út úr efnahagssamdrættinum er leið verðmætasköpunar og uppbyggingar. Áskorunin sem Ísland stendur frammi fyrir er að endurnýja trú fólks á framtíðinni - á landi og þjóð. Baráttan við atvinnuleysið er þar meginviðfangsefni.

Aðgerðaráætlun í málefnum ungs fólks

Samfylkingin vill samfélag sem býður fjölbreytt tækifæri til menntunar og þroska, spennandi atvinnutækifæri og góð lífskjör sem eru sambærileg við þau sem þjóðast í nágrennalöndum okkar. Til að gera þá sýn að veruleika setur Samfylkingin fram sérstaka aðgerðaáætlun í málefnum ungs fólks með áherslu á grundvallaratriðin: góð tækifæri til menntunar, hagfelld umhverfi fyrir barnafólk, jafna möguleika kynja á atvinnuþátttöku og fjölskyldulífi, fjölbreyttari valkosti í húsnæðismálum og spennandi þróun atvinnulífs. Aðgerðir í þágu ungmenna án atvinnu og langtímaatvinnulausra verði forgangsverkefni í vinnumarkaðsmálum. Aðgerðaáætlun Samfylkingarinnar undirstrikar hvernig hið opinbera getur tekið

frumkvæði að því að skapa umgjörð fyrir réttlátara samfélag jöfnuðar, lýðræðis og umburðarlyndis.

Ný efnahagssókn

Markmiðið með nýrri efnahagssókn er að skapa verðmæt störf, forðast efnahagslegar kollsteypur og tryggja sjálfbæran rekstur ríkissjóðs. Efnahagsáætlun Íslands og AGS hefur skilað miklum árangri. Í undirbúningi er ný efnahagsáætlun til næstu ára sem byggir á þeim árangri sem náðst hefur og leggur grunn að efnahagslegum stöðugleika og sjálfbærum hagvexti. Efnahagsáætlunin þarf að styðja við áætlun um jafnvægi í ríkisfjármálum og örva samkeppnishæfni atvinnulífsins. Greiða þarf fyrir fjárfestingum og marka skýra stefnu um erlendar fjárfestingar. Lagaleg umgjörð erlendar fjárfestingar þarf að taka af allan vafa um að Ísland taki áhugasömum erlendum fjárfestum af áhuga og æski samstarfs við þá.

Forsenda efnahagslegrar sóknar er úrlausn skuldavanda heimila og fyrirtækja. Ríkar kröfur þarf að gera til fjármálafyrirtækja um að hraða endurskipulagningu skulda fyrirtækja og einstaklinga og tryggja að unnið sé eftir samræmdum og gagnsæjum reglum. Mikilvægt er að fjármálastofnanir láti ekki staðar numið við úrlausn skuldavanda þótt rými til afskrifta sé talið fullnýtt. Tekin verði frekari skref til að draga úr vægi verðtryggingar og núverandi úrræði fólks í greiðsluvanda rýnd meðal annars með tilliti til þess hóps sem fjármagnaði íbúðakaup með lánsveðum. Greiða þarf fyrir samkeppni á fjármálamarkaði, auka réttindi og vernd neytenda og skoða aðskilnað fjárfestinga- og viðskiptabankastarfsemi.

Aðild að Evrópusambandinu og upptaka evru er eitt mikilvægasta skrefið í átt til efnahagslegs stöðugleika, hagvaxtar og betri rekstrarskilyrða fyrir heimili og fyrirtæki. Upptaka evru felur í sér afnám gjaldeyrishafta, leiðir af sér lægri viðskiptakostnað og vexti, bætir aðgengi að mörkuðum og eykur traust erlendra fjárfesta og greiðir þannig fyrir fjárfestingum hér á landi. Umgjörð myntbandalagsins mun auka á aga í efnahagsstjórn og stjórn ríkisfjármála og stuðla að stöðugleika í hagkerfinu. Aðild að ESB stuðlar þannig að öflugum og samkeppnishæfu atvinnulífi á Íslandi.

Bæta á vinnubrögð við undirbúning og eftirfylgni fjárlaga og móta fjárlagaramma til nokkurra ára í senn. Við forgangsröðun opinberra útgjalda er brýnt að gæta áfram að framlögum til velferðar- og menntamála og vinna áfram að hagræðingu með sameiningu stofnana. Þá bera að horfa til einkaframkvæmda sem efnahagsaðgerðar á tímum slaka í atvinnu- og efnahagslífi. Kynjuð fjárlagagerð verði þróuð áfram.

Skattastefnan stuðli að kjarajöfnun og sanngjarni dreifingu byrða um leið og hún varðveitir hvatann til öflunar atvinnutekna og dragi úr jaðarskattaáhrifum tekjutengdra bóta.

Heildstæð umhverfis- og auðlindastefna og endurskoðun kvótakerfisins

Tryggja skal ævarandi sameign þjóðarinnar á auðlindum með breytingum á stjórnarskrá. Heildstæð auðlindastefna byggir á þeim grundvallaratriðum að nýtingarrétti sameiginlegra auðlinda verði ævinlega úthlutað á jafnræðisgrundvelli til hóflegs tíma, gegn fullu gjaldi og með gagnsæjum og hlutlægum hætti þannig að þjóðin öll njóti arðs af auðlindum sínum.

Arðurinn af nýtingu sameiginlegra auðlinda verði sýnilegur með stofnun Auðlindasjóðs sem verði varið til fjárfestingar í menntun, nýsköpun, rannsóknum og stuðningi við uppbyggingu á fjölbreyttu atvinnulífi um land allt.

Nýtt frumvarp til nýrra laga um stjórn fiskveiða verði lagt fram á yfirstandandi þingi í samræmi við heildstæða auðlindastefnu. Brýnt er að tryggja varanlegt eignarhald og forræði þjóðarinnar yfir auðlindum sjávar og að arðurinn af nýtingu þeirra renni til samfélagsins.

Gengið verði frá fyrstu rammaáætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða á Alþingi svo sátt náist um nauðsynlegar orkuframkvæmdir og vernd mikilvægra svæða. Fleiri lykilsvæði verði friðuð sem fyrst. Næstu skref í friðlýsingu verði suðurhluti eldvirka beltisins og nýr þjóðgarður sem hefur Hofsjökul sem kjarna. Samfylkingin fagnar nýrri hvítbók um náttúruvernd og tekur undir meginniðurstöður hennar.

Nýskipan í orku- og auðlindamálum verði innleidd í umhverfis- og auðlindaráðuneyti og atvinnumálaráðuneyti þar sem nýrri orkustefna verði framfylgt. Orkuframboð henti fjölbreyttu atvinnulífi um allt land. Dregið verði úr notkun jarðefnaeldsneytis með bættu aðgengi að umhverfisvænni orkugjöfum og öflugum almenningssamgöngum.

Sóknaráætlun í atvinnumálum

Velferð og jafn réttur allra til þroska byggir á sterku atvinnulífi, frelsi til athafna og góðri samkeppnishæfni þjóðarinnar. Á sama hátt byggir sterkt atvinnulíf á góðri menntun, skilvirkri stjórnsýslu og almennri velferð. Þetta er kjarni jafnaðarstefnunnar og verður ekki í sundur slitið.

Brýnt er að vinna á atvinnuleysinu. Aukin verðmætasköpun er sú leið sem leggja ber áherslu á. Hlutverk stjórnvalda er fyrst og fremst að skapa hagstæð skilyrði og rekstrarumgjörð og leggja til þann stuðning og innviði sem þarf svo hugmyndir verði að veruleika.

Fjölbreytt atvinnulíf nýtir staðbundna styrkleika og sérstöðu, byggir á nýsköpun í öllum greinum og starfar í samræmi við markmið um sjálfbæra þróun. Í sjálfbærri þróun felst ábyrgð gagnvart komandi kynslóðum í umgengni við umhverfi og auðlindir, efnahagslega traustur grundvöllur og rekstarskilyrði og viðurkenning á samfélagslegri ábyrgð gagnvart lykilkáttum á borð við lýðræði, jafnrétti, atvinnufrelsi og grundvallar mannréttindum.

Nýsköpun og uppbygging þekkingar til að auka verðmætasköpun einskorðast hvorki við sprotafyrirtæki né nýjar atvinnugreinar. Rótgróin fyrirtæki og undirstöðu atvinnuvegir á borð við sjávarútveg, landbúnað, ferðaþjónustu og iðnað þurfa einnig stoðkerfi til nýsköpunar, mannauð og sóknarfæri byggð á sérstöðu til að eflast, auka hagkvæmni og verðmætasköpun. Mikilvægt er að hugvit og framtak nýtist í þágu þjóðarhags.

Atvinnustefnu Samfylkingarinnar er því skipt í fimm svið eftir viðfangsefnum fremur en atvinnugreinum. Þau eru: Auðlindastefna, sóknarfæri og sérstaða, vaxtarskilyrði, mannauður og stoðkerfi. Markmiðið er aukin framleiðni og verðmætasköpun á traustum og sjálfbærum grunni í samræmi við stefnumörkunina „Ísland 2020 – sókn fyrir atvinnulíf og samfélag“.

Stoðkerfi atvinnulífsins verði einfaldað undir einu öflugum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti. Unnið verði að sóknaráætlun fyrir hvern landshluta og þær lagðar til grundvallar við ákvarðanir um forgangsröðun, fjárfestingar, eflingu sveitastjórnastigsins og þróun og einföldun opinberrar þjónustu um land allt. Ákvarðanir um forgangsröðum verkefna á grundvelli samþættra áætlana færast í auknum mæli “heim í héruð”.

Tillögum um að efla græna hagkerfið verði fylgt eftir og stuðlað að vexti skapandi greina. Áfram verði sótt fram í markaðssetningu ferðaþjónustunnar og framkvæmdasjóður hennar nýttur til uppbyggingar innviða.

Gert verði átak í að laða til landsins erlenda fjárfestingu á grundvelli skýrrar stefnumótunar og lagaramma um hana. Áhersla verði lögð á erlenda fjárfestingu sem byggir upp ný verðmæt atvinnutækifæri, eykur fjölbreytni atvinnulífs og flytur inn nýja þekkingu og tækni.

Velferðarmál, ný húsnæðisstefna og aukinn jöfnuður

Góð velferðarþjónusta fyrir alla er grundvöllur að réttlátu samfélagi. Með góðri velferðarþjónustu, almannatryggingum og réttlátu skattkerfi vill Samfylkingin skapa fjölskyldum og einstaklingum öryggi, og tryggja að allir hafi tækifæri til mannsæmandi lífs og fullrar þátttöku í samfélaginu. Uppræta þarf fátækt og treysta stöðu barnafjölskyldna, m.a. með hækkun barnabóta og draga úr tekjutengingum þeirra.

Samfylkingin vill að sjúkraþjónusta verði aðgengileg öllum og að forgangsraðað verði í þágu velferðarþjónustunnar á tímum samdráttar. Eftir því sem hagvöxtur eykst á nýjan leik og jöfnuður næst í ríkisfjármálum verði fjárfestingar í heilbrigðis- og velferðarþjónustunni í fyrirrúmi.

Hraðað verði vinnu við innleiðingu nýrrar húsnæðisstefnu sem tryggi sambærilegt öryggi og valkosti í húsnæðismálum og á hinum Norðurlöndunum. Markmiðið er að tryggja húsnæðisöryggi fjölskyldna og fjölbreyttari valkosti eignar-, leigu- og búseturéttaríbúða. Sérstaklega verði unnið að því að greiða fyrir uppbyggingu lítilla leiguíbúða á viðráðanlegu verði og kannað hvernig best verði staðið að stofnun öflugra leigufélaga að norrænni fyrirmynd.

Lokið verði endurskoðun almannatryggingakerfisins og breytingar lögfestar til samræmis við niðurstöður hennar. Heildarkerfi bóta og örorku verði endurskoðað út frá getu einstaklinga og snúið við þeirri þróun, sem verið hefur, þ.e. að öryrkjum fjölgi stöðugt. Fæðingarorlof verði lengt í áföngum.

Stefnt verði að því að ekki líði meiri en einn til tveir mánuðir frá atvinnumissi þar til tilboð um starf, menntun eða virkniúrræði standi atvinnuleitendum til boða. Áríðandi er að nota þær aðstæður sem nú er á vinnumarkaði á jákvæðan hátt með því að gera fólki kleift að auka við menntun sína, færni og þekkingu m.a. í samræmi við stefnumörkun 2020 um að fækka um 40.000 þeim einstaklingum á vinnumarkaði sem einungis eru með grunnskólamenntun.

Menntun er lykill að jöfnum tækifærum

Markmið menntastefnu Samfylkingarinnar er að íslenskir nemendur standi jafnfætis nemendum í nágrannalöndum okkar og njóti menntunar sem veiti góðan undirbúning fyrir fjölbreytt störf að námi loknu. Stefna ber að því að hlutfall þeirra sem ekki hafa lokið viðurkenndu starfs- eða framhaldsskólanámi á vinnumarkaði lækki úr 30% í 10% fyrir árið 2020.

Samfylkingin vill efla háskólastarf í landinu, auka samstarf og verkaskiptingu háskóla með stofnun samstæðu allra háskóla í landinu og stefna að sameiningu opinberu háskólanna þar sem það eykur gæði náms og er hagkvæmt.

Á framhaldsskólastigi er lykilverkefnið að efla fjölbreytilegt starfsnám og minnka brottfall. Sérstök rækt verði lögð við list- og verkgreinar innan allra skólastiga. Unnið verði gegn staðalímyndum og kynskiptu starfsvali.

Efla skal framlög til samkeppnissjóða hins opinbera og vinna að því að stærstur hluti framlaga hins opinbera til rannsókna og nýsköpunar fari um farvegi þeirra.

Samfylkingin vill treysta menningar- og lýðræðishlutverk Ríkisútvarpsins, efla kvikmyndagerð í landinu og efna til víðtæks samráðs um mótun heildstæðrar menningarstefnu til ársins 2020.

Umbætur í stjórnkerfi og stjórnsýslu – aukin mannréttindavernd

Samfylkingin leggur mikla áherslu á að fylgja eftir tillögum stjórnlagaráðs á vettvangi Alþingis og ljúka því að setja Íslandi nýja stjórnarskrá með opnu og lýðræðislegu ferli. Þjóðaratkvæðagreiðsla verði um tillögu að nýrri stjórnarskrá eigi síðar en samhliða þingkosningum 2013.

Samfylkingin leggur áherslu á að Ísland taki frumkvæði í mannréttindamálum. Móta þarf mannúðarstefnu í málefnum hælisleitenda.

Samfylkingin telur að efling sveitarstjórnarstigsins sé ein af meginforsendum aukinnar velferðar og bættra búsetuskilyrða í landinu. Unnið verði að flutningi málefna aldraðra og heilsugæslu frá ríki til sveitarfélaga, auk þess sem verkefni á sviði atvinnuþróunar, heilbrigðis- og matvælaeftirlit og forgangsróðun, framkvæmdir og rekstur í samgöngumálum verði í auknum mæli á hendi sveitarstjórna og landshluta. Samfylkingin leggur til stóraukið samstarf ríkis- og sveitarfélaga um starfsemi framhaldsskólans og hvetur til víðtækrar umræðu um kosti þess og galla að flytja framhaldsskólann til sveitarfélaga. Þá verði almenningssamgöngur auðveldaðar og auknar um land allt með samstarfi ríkis og sveitarfélaga.

Undirbúnar verði sameiginlegar þjónustumiðstöðvar ríkis og sveitarfélaga í hverjum landshluta til að bæta aðgengi að þjónustu. Átak verði gert í rafrænni þjónustu á netinu.

Utanríkis- og Evrópumál

Samfylkingin leggur áherslu á nána og góða samvinnu við lýðræðisríki og virka þátttöku Íslendinga innan alþjóðasamfélagsins á sviði mannréttinda- og jafnréttismála, menningar-, menntamála, umhverfisverndar, þróunarsamvinnu og öryggismála.

Hrunið og alþjóðlegar hræringar á fjármálamörkuðum kallar á aukið samstarf milli þjóða. Eitt mikilvægasta verkefni endurreisnarinnar og brýnasta verkefni þjóðarinnar á sviði alþjóðasamvinnu er að Ísland gangi í Evrópusambandið. Aðildarviðræðum Íslands við Evrópusambandið miðar vel áfram og nýleg framvinduskýrsla sýnir að Íslendingar eru ágætlega í stakk búin til að takast á við það metnaðarfulla verkefni að gerast fullgildir aðilar að sambandinu. Eðlilegur framgangur aðildarviðræðna er jafnframt úrslitaatriði og mikilvægt að í samningsgerðinni verði áfram lögð áhersla á fagleg vinnubrögð, gagnsæi í ákvarðanatöku og óháða miðlun upplýsinga. Markmiðið er að tryggja eins góðan samning og kostur er í samræmi við meginhagsmuni Íslands. Fyrirhugaðar breytingar á stefnu Evrópusambandsins í sjávarútvegi og landbúnaði eru fagnaðarefni fyrir Íslendinga. Líklegt er að breytingarnar munu auðvelda samningaviðræður í þessum mikilvægu málaflokkum. Aðildarsamningurinn verði að endingu verði lagður í dóm þjóðarinnar.

Ísland verði leiðandi rödd í Norðurslóðasamstarfi og málsvari ábyrgrar auðlindanýtingar, friðar, umhverfis og frumbyggja.

Sjálfstæði Palestínu verði stutt með ályktun alþingis og virki vinnu á alþjóðavettvangi. Íslensk stjórnvöld skulu vera málsvarar friðsamlegar samvinnu þjóða á milli, afvopnunar og útrýmingar gereyðingarvopna. Mótuð verði ný öryggisstefna með aðild allra þingflokka.

***Samþykkt á landsfundi Samfylkingarinnar
Hliðarenda í Reykjavík 23. október 2011***